

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 22. maí 2024  
Mnr. 2024050098



ÍSAFJARÐARBÆR

## Fundarpunktur með HEV & Verkís 22. maí

Miðvikudaginn 22. maí var fundað í gegnum fjarfundarbúnað Teams. Fundargestir voru sviðsstjóri umhverfis- og eignarsviðs, Arnþór Jónsson hjá Verkís f.h. verkeftirlits. Hlynur Reynisson og Anton Helgason hjá HEV.

Fundað var vegna fráveituframkvæmda á Flateyri, m.t.t. hreinsistöðvar, þá kom uppúr skurðstæði töluvert af olíumenguðum jarðvegi. Áætlað að vegna framkvæmdar geti komið upp allt að 600 rúmmetrar af menguðum jarðvegi, m.t.t. skurðstæðis og staðsetningar hreinsivirkis.

Fjallað var um á fundi eftirfarandi punkta á fundi með Heilbrigðiseftirliti.

- Staðsetningar vegna áframhaldandi vinnslu mengaðs jarðvegs. (mögulega nefnd að taka afstöðu)
- Verkís leggja fram áhættumat og verkferil. Erla Guðrún Hafsteinsdóttir, Umhverfis- og jarðefnafræðingur Ph.D., hefur verið upplýst um málið og sveitarfélagið mun fá hana til þess að vinna málið áfram með sveitarfélaginu.
- Fjallað var um ábyrgðarluta í reglugerð 1400/2020 sem er reglugerð um mengaðan jarðveg.
- Í henni má álykta sem svo að mengunarvaldur ábyrgur fyrir menguninni.
- Greina þarf magn pp/m í sýni og tegund mengunar.



Mynd 1



Mynd 2

Umrædd mengun er draugur fortíðar, sem þarf að takast á við með viðeigandi hætti. Helstu verkferlar hafa verið virkjaðir. Heilbrigðiseftirlit, Umhverfisstofnun og Olíudreifing hafa verið upplýst um stöðu máls.

Að svo stöddu er of snemmt að álykta um kostnað og hvar hann fellur. Mikilvægt er að íbúar séu upplýstir um stöðuna og framvindu hreinsunarinnar sé miðlað áfram t.d. í gegnum hverfisráð, miðlum bæjarins og íbúafundi ef þörf þykir.

Mynd 1. Gosflaska með vökva úr holu (sjá mynd 2), látin standa yfir helgi og virðist vera töluvert af magni líklegri olíu, sem hefur skilið sig frá.